

Af marxisma

Egill Arnarson. „Um Alain Badiou.“ Í *Af marxisma*, ritstj.
Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson, bls.
320-324. Reykjavík: Róttæka sumarútgáfan, 2012.

Um Alain Badiou

Í fyrirlestri sínum „Löngun heimspekinnar“ svarar franskri heimspekingurinn Alain Badiou (f. 1937) á yfirgripsmikinn en þó aðgengilegan hátt spurningunni um viðfangsefni heimspekinnar og erindi hennar við samtímann. Hér er á ferðinni annars vegar ádeila á áhrifamestu heimspekikenningar og hugmyndastrauma frá 20. öld og fram á þennan dag og hins vegar málsvörn fyrir þá tegund heimspeki sem Badiou stundar sjálfur. Ekki er ætlunin að endursegja hér efni fyrirlestrarins heldur greina frá því sem fyrirlesarinn lætur ósagt um sjálfan sig og heimspeki sína.

Eftir lestur þessa fyrirlestrar kemur kannski ekki á óvart að Badiou skuli skilgreina sjálfan sig sem „sígildan rökhyggjusinna“ og „franskan platonista“¹ til þess að afmarka sig frá þeim heimspekihefðum sem hann telur vera ríkjandi og gerir hér að umtalsefni. Badiou er meðvitaður um hversu stuðandi slík sjálfslýsing kann að virka innan sumra þeirra hefða, en það eru túlkunarfræði, rökgreining og póstmóðernismi. Vegna þeirrar „raunveruleg[u] ógn[ar]“ fyrir hugsunina almennt og sér í lagi heimspekina² sem stafar af höfnun ríkjandi hugsunarháttar á sannleika og algildi segir Badiou þörf á að finna annan heimspekistíl, en þessi andstaða gegn afstæðishyggju um ólíka merkingarheima er grunnstef sem liggur í gegnum heimspékiverk Badious.

Ásamt fleiri nemendum og samverkamönnum Louis Althusser

- 1 Alain Badiou, *Le concept de modèle. Introduction à une épistémologie matérialiste des mathématiques*, París: Fayard, 2007, bls. 19 og 24 (formáli að endurútgáfu ritsins sem er frá 1969).
- 2 Alain Badiou, „Löngun heimspekinnar“ (þýð. Viðar Þorsteinsson), í þessu riti.

(1918–1990) tók Badiou þátt í tilraunum til að móta heimspekinni nýjan farveg innan róttæktrar þjóðfélagsbaráttu á seinni hluta 7. áratugarins.³ Upp úr stúdentalþytingunni 1968 sagði hann hins vegar skilið við þessi viðfangsefni og helgaði krafta sína stjórnmalabaráttu maðistahreyfingarinnar í Frakklandi allan 8. áratuginn. Á þeim tíma taka kenningar franska sálgreinandans Jacques Lacan (1901–1981) að hafa mikil áhrif á hugsun hans, eins og fyrsta stóra heimspekiverk hans, *Kenning um sjálfsveruna*, ber með sér.⁴ Eins og titillinn ber með sér eiga viðfangsefni verksins eins sterkar rætur í klassískri heimspeki og hugsast getur, ólíkt þeim anda sem ríkti meðal flestra aðgerðasinna af 68-kynslóðinni. En hvers konar sjálfsveru skyldi Badiou setja fram kenningu um?

Vísbendingu um svarið má finna í fyrirlestrinum sem hér fer á eftir. Í lok hans er tæpt á þörfinni fyrir nýja kennisetningu um sjálfsveruna eða hinn virka geranda. „Þessi *sjálfsvera*“, skrifar Badiou, „verður einstök og ekki algild [...] af því að hún verður alltaf *atburður* sem mótar sjálfsveruna sem *sannleika*.“⁵ Þrjú höfuðrit Badiou – *Kenning um sjálfsveruna*, *Veran og atburðurinn* og *Rökfræði heimanna*⁶ – greina með ítarlegum hætti frá því hver tengslin eru í

- 3 *Le concept de modèle* er eini afakstur þessarar hópvinnu sem Badiou hefur gefið út. Um er að ræða framlag hans til fyrirlestraraðar sem Althusser og nemendur hans héldu í Kennaraháskólanum í París (École Normale Supérieure) veturinn 1967–68 og nefndist *Heimspekínámækið fyrir vísindamenn*. Hinir fyrirlestrarnir sem gefnir hafa verið út eru: Louis Althusser, *Philosophie et philosophie spontanée des savants* (1967), París: Maspero, 1974; sami höf.: „Du côté de la philosophie (cinquième Cours de philosophie pour scientifiques) (1967)“, í *Écrits philosophiques et politiques. Tome II*, París: STOCK, 1995; M. Fichant og M. Pêcheux, *Sur l'histoire des sciences*, París: Maspero, 1969. Aðrir þátttakendur í umræddri hópvinnu voru É. Balibar, Y. Duroux, P. Macherey, J. Rancière, F. Regnault, J. Savéant og M. Tort. Afakstur hennar hefur aðeins verið gefinn út að hluta: Louis Althusser, „Trois notes sur la théorie des discours (1966)“, í *Écrits sur la psychanalyse. Freud et Lacan*, París: STOCK, 1994; sami höf.: „Notes sur la philosophie (1967–1968)“, í *Écrits philosophiques et politiques. Tome II*.
- 4 Alain Badiou, *Théorie du sujet*, París: Seuil, 1982. Fram að því hafði Badiou, samhliða heimspekikennslu, aðallega gefið út skáldsögur, leikrit og byltingarsinnuð stjórnmalarit.
- 5 Badiou, „Löngun heimspekinnar“, bls. 339, skáletrun höfundar inngangs.
- 6 Alain Badiou, *L'être et l'événement*, París: Seuil, 1988; Alain Badiou, *Logique des mondes. L'être et l'événement 2*, París: Seuil, 2006.

heimspeki hans milli þessara þriggja lykilhugtaka: atburðar, sannleika og sjálfsveru.⁷

Atburðurinn gerist þegar „truflunarpunkturinn“ sem fjallað er um í fyrirlestrinum kemur í ljós, en þessi punktur truflar vegna þess að hann á ekki heima innan kerfisins eins og það er skilgreint. Badiou hefur í því sambandi nefnt hlutskipti ólöglegra innflytjenda í Evrópu sem dæmi: þetta er fólk sem lifir við aðstæður sem eru ekki mönnum bjóðandi en samt er þeim ekki greidd gata inn í evrópskt samfélag. Þvert á móti er stefnan sú að reka þennan „truflunarpunkt“ út úr samfélaginu. Sú mannréttindaorðræða sem Evrópuþjóðir skreyta sig með getur ekki birst okkur öðruvísi en sem ömurleg hræsni þegar við höfum vaknað til vitundar um þessa mótsögn. Ákveði ég að leiða ekki hjá mér þessa mótsögn milli veruleikans og orðræðunnar (kerfisins eins og það er skilgreint), heldur leysa hana með því að endurmóta veruleikann held ég, að dómi Badiou, tryggð við atburðinn. Þannig leiði ég nýjan *sannleika* í ljós sem ég ætlast til þess að móti veruleikann héðan í frá. Ekki er einungis um að ræða nýja túlkun á veruleikanum, sem ég set fram við hlið annarra, heldur hef ég uppgötvað ný almenn sannindi: „Allir sem eru staddir hér eiga líka heima hér.“⁸ Í þessu sannleikshugtaki – sannleikurinn sem málstaður sem ég er reiðubúinn að berjast fyrir – er fölginn höfuðmunurinn á heimspeki Badiou og þeim þremur heimspekistraumum sem hann gagnrýnir hér.

Við það að halda áfram baráttu minni fyrir umræddum sannindum móta ég sjálfan mig – eða hreyfinguna sem ég tek þátt í – sem sannkallaða *sjálfsveru*.⁹ Ekkert segir fyrir um hvort leiðangurinn heppnast

7 Badiou leitast við af fremsta megni að sýna fram á að kenningar hans og röksemdafærslur samræmist framsetningar- og sönnunaraðferðum stærðfræðinnar, einkum mengjafræðinnar. Það segir hann umfram allt vera til þess að skýra hugsunina en að það komi þó alls ekki í stað þeirrar hugtakalegu vinnu sem heimspekin byggir á. (Badiou, *Le concept de modèle*, bls. 35–36.)

8 Þetta er umorðun á einu af slagorðum *Stjórnmalasamtakanna (Organisation politique)* sem Badiou tilheyrir en þau standa utan flokkakerfisins. Í baráttu sinni fyrir réttindum ólöglegs vinnuafis hafa þau lýst yfir að „allir sem eru hér eru líka héðan“.

9 Þessi hugmynd Badiou um einstaklinginn sem með ákvörðun sinni ákveður fyrir allt mannkyn er undir greinilegum áhrifum fyrsta „meistara“ hans innan heimspekinnar: Jean-Paul Sartre (1905–1980). (Sjá Jean-Paul Sartre, *Tilvistarstefnan er mannbyggja* (þýð. Páll Skúlason), Reykjavík: Hið

eða misheppnast; við hverja prófraun þarf að taka ákvörðun sem getur reynst afdrifarík. Það er í þessu baráttuferli sem sjálfsveran raungerist. Að dómi Badiou er hér um að ræða ferli sem allir, en ekki aðeins fáir útvaldir, hafa einhvern tímann á lífsleiðinni tækifæri til að ganga í gegnum, hvort heldur sem er á sviði stjórn mála, lista, vísinda eða ásta.¹⁰ Vegna þess að slíkir atburðir gerast í lífi hvers og eins er atburðurinn á vissan hátt *algildur*. Sjálfsveran er þó skilgreind út frá þeim tilteknu sannindum sem hún hefur uppgötvað og heldur fram í verki; því er hún *einstök* um leið og hún er *algild*. Að neita að taka slaginn og vísa frá sér sannindunum sem maður hefur komist að er, að áliti Badiou, manndómsleysi og í anda þess dýrslega neytandalífs og sofandaháttar sem nýfrjálshyggjan boðar mönnum að lifa eftir. En þar eð maðurinn er einn fær um að komast að eilífum sannindum hlýtur það að vera verkefni heimspekinnar að boða honum þessa lausn undan oki ráðandi afstæðishyggju og sem leið til lífs sem er mönnum samboðið.¹¹

Engu að síður má spyrja hvað sé í raun svo róttækt við þessa heimspeki. Felst hún í nokkru öðru en lofgjörð um áræðni einstaklingsins sem lætur ekki bugast og leitast við að móta samfélagið eftir sínu eigin höfði, þótt það reyni að kúga hann til hlýðni? Raunar hefur Badiou löngu hafnað þeirri marxísku hugmynd að efnahagsþróun

(íslenska bókmenntafélag, 2007.) Þess ber þó að geta að hjá Badiou getur einstaklingur ekki aðeins breyst í sjálfsveru, eins og hér er lýst, heldur einnig orðið hluti af henni. Sjálfsveruna má því skilgreina sem hvers kyns virkt afl sem berst fyrir ákveðnum sannindum. Með því á Badiou ekki aðeins við stjórn málahreyfingar, heldur einnig vísinda- eða listastefnur, t.d. Seinni Vínarskólann í tónlistarsöggunni (sjá Badiou, *Logique des mondes*, bls. 89–99.)

- 10 Badiou neitar því ekki að þessar víddir mannlegrar tilveru gætu reynst vera fleiri; enn sem komið er sé okkur hins vegar aðeins kunnugt um þessar. Hann hefur ritað nokkrar bækur þar sem hann færir m.a. fyrir því rök að heimspeki sín nái að lýsa sjálfsveru-ferlum innan þessara vídda: a) listir: *Rhapsodie pour le théâtre*, París: Le spectateur français, 1990; *Beckett. L'incroyable désir*, París: Hachette, 1995; *Petit manuel de l'inesthétique*, París: Seuil, 1998; b) vísindi: *Le nombre et les nombres*, París: Seuil, 1990; c) stjórn-mál: *Peut-on penser la politique?* París: Seuil, 1985; *Abrégé de métapolitique*, París: Seuil, 1998.
- 11 Badiou, *Logique des mondes*, bls. 529–537. Sjá einnig: Egill Arnarson, „Sannindahugtakið í heimspeki Alain Badiou“, *Kístan*, 9. nóvember 2006: http://kistan.is/default.asp?sid_id=28001&tre_rod=0041&tId=2&fre_id=54988&meira=1

skilyrði möguleikana til byltingar og enn fremur haldið því fram að kommúnísk bylting sé hverfull atburður sem ríkið megi ekki fyrir nokkra muni stofnanagera.¹² Það breytir því ekki að hann hefur ávallt lýst sjálfum sér sem kommúnista og talið með öllu óþarft að „gera upp við fortíð sína“ sem maóisti. Að undanfögnu hefur hann, ásamt Slavoj Žižek og fleirum, beitt sér fyrir því að hefja hugtakið kommúnisma aftur til vegs og virðingar. Þannig kemst hann svo að orði í nýlegu og víðlesnu riti, *Hvað er Sarkozy?*:

Tilgátan um kommúnisma er sú að annað fjöldaskipulag sé gerlegt, skipulag sem muni binda endi á ójafna skiptingu auðs og jafnvel á verkaskiptingu. [...] „Kommúnismi“, sem slíkur, vísar aðeins á þetta afar almenna mengi vitsmunalegra birtingarmynda. Hann er [...] leiðarljós frekar en áætlun. Það er fíflaskapur að kalla þessi kommúnísku grundvallaratriði útópísk, [heldur] eru þau sértæk mynstur, sem raungerast aldrei tvisvar á sama hátt. [...] Sem hrein hugmynd um jöfnuð hefur tilgátan um kommúnisma vafalaust verið til frá því í árdaga ríkisins.¹³

Með skýringarhugtökum Badiou sjálfs má því lýsa kommúnism-anum sem ákveðnum eilífum *sannleika* í þeim skilningi að hann hafi ótal sinnum og við ólíkar aðstæður orðið fjölda *sjálfvera* ástæða til þess að reyna að breyta óréttlátum heimi, hver svo sem *atburðurinn* var hverju sinni sem barátta þeirra átti upptök sín í.

Egill Arnarson

12 Peter Hallward, *Badiou. A Subject to Truth*, Minneapolis: University of Minnesota Press, 2003, bls. 226–227 og 237–242; Oliver Feltham, *Alain Badiou. Live Theory*, London: Continuum, 2008, bls. 58 og 116.

13 Alain Badiou, *De quoi Sarkozy est-il le nom? Circonstances 4*, [útgáfustaðar ekki getið] Nouvelles Éditions Lignes, 2007, bls. 131–133. Hér vitnað í Alain Badiou, „Tilgátan um kommúnisma“ (þýð. Haukur Már Helgason), *Kístan*, 30. maí 2008: http://kistan.is/default.asp?sid_id=25401&tre_rod=0051&tId=2&fre_id=72926&meira=1